

Nr. 17-165 S 124 Sigrún ÍS 37**Nærri strandaður**

Skipaskr.nr. 7147
Útgerð: Tækniþjónusta bifreiða ehf.
Smíðaður: Samtak, trefjaplást, 1988.
Stærð: 5,37 bt.
Mesta lengd: 8,68 m Skráð lengd: 7,74 m
Breidd: 2,69 m Dýpt: 1,12 m
Vél: Yanmar, 140 kw, 1999.
Fjöldi skipverja: 1



Sigrún©Mummi

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. nóvember 2017 var Sigrún ÍS 37 á handfæraveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SSV 4 - 5 m/s.

Skipstjóri Finnbjörns ÍS 68 hafði samband við Vaktstöð siglinga (VSS) og gerði athugasemd við siglingu Sigrúnar ÍS en báturinn stefndi beint upp í Stigahlíð á 8,6 hnúta hraða. VSS náði sambandi við skipstjórann á bátnum sem náði að afstýra því að báturinn strandaði. Með óbreyttum hraða hefði báturinn strandað tveimur mínútum seinna.

Við rannsókn kom fram:

- að siglingatalvan hafði misst samband við AIS tækið;
- að merki bátsins á skjánum breytist við sambandsleysið úr rauðu í grátt sem skipstjórinn tók ekki eftir;
- að sambandsleysið var búið að vera í tuttugu mínútur þegar haft var samband við bátinn.
- að kveikt var á dýptarmæli en ekki ratsjá.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.